

Dá brann skapið úr hans augum,  
af sér braut hann haft og taug.  
breiddi strax út b.ða vængi  
og burtu út í geiminn flaug.

Að morgni, þegar þorpsins búa  
þörfin út til starfa dró,  
var hinn fagri fákur horfinn;  
fólkið skildi' ei hvernig þó.

Það sá nú að þar sem áður  
þolinmóður dvaldi hann,  
spratt upp lind svo spegillögur  
úr sporum hans og áfram rann.

Og sú lind sem aldrei þrýtur  
ávalt gleður fólkið þar.  
Þeir sem af henni þyrstir drekka  
fá þrek og raunabæturnar.

E J. Á.

